

**588. fundur Sveitarstjórnar Tálknafjarðarhrepps haldinn Strandgötu 38,
fimmtudaginn 10. mars 2022
og hófst hann kl. 18:00.**

Fundinn sátu:

Bjarnveig Guðbrandsdóttir (BG), Guðni Ólafsson (GÓ), Ingibjörg Ósk Þórhallsdóttir (IÓP), Björgvin Smári Haraldsson (BSH), Lilja Magnúsdóttir (LM) og Ólafur Þór Ólafsson (ÓPÓ).

Fundargerð ritaði: Ólafur Þór Ólafsson, Sveitarstjóri

Oddviti býður fundarfólk velkomið og athugar hvort athugasemdir séu við fundarboðun, svo var ekki og oddviti lýsir fund 588 lögmætan.

Oddviti óskar eftir afbrigðum á dagskrá um að erindi frá félagsmálaráðuneytinu dags. 09.03.2022, með málsnúmerið 2203279 verði tekið á dagskrá sem og mál með málsnúmerið 2112074 og var það samþykkt.

Dagskrá:

1. Íbúagötur, framkvæmdir 2022 - 2203260

Lagt fram minnisblað vegna framkvæmda við íbúagötur á Tálknafirði, í samræmi við samþykktu framkvæmdaáætlun ársins 2022.

Sveitarstjórn felur sveitarstjóra að láta undirbúa framkvæmdir samkvæmt leið D, sem felur í sér endurnýjun gatna án gangstétta, í samræmi við framlögð gögn með það að sjónarmiði að hægt sé að samþykkja verkáætlun og útbod ekki síðar en á fundi sveitarstjórnar í apríl.

2. Nýibær, framkvæmdir - 2203261

Lögð fram gögn vegna framkvæmda við Nýjabæ, í samræmi við samþykktu framkvæmdaáætlun ársins 2022.

Sveitarstjóra falið að halda áfram með vinnslu málsins í samræmi við umræður á fundinum.

3. Rekstur tjaldsvæðis 2022 - 2203258

Lagt fram minnisblað og tillaga vegna reksturs tjaldsvæðis á árinu 2022.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að skipulag á rekstri tjaldsvæðis 2022 verði í samræmi við framlagða tillögu. Sveitarstjórn telur rétt að rými bak við svið á norðurhlíð Íþróttamiðstöðvar verði nýtt sem aðstaða fyrir starfsfólk.

4. Sláttur og hirðing, útbod - 2203259

Lagt fram minnisblað og tillaga vegna útbods á slætti og hirðingu hjá Tálknafjarðarhreppi.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að sláttur og hirðing verði boðin út hjá Tálknafjarðarhreppi til þriggja ára, þ.e. 2022-2024, í samræmi við framlögð gögn.

5. Fundur sveitarstjórnar í apríl 2022 - 2203262

Minnisblað frá sveitarstjóra dags. 07.03.2022 þar sem lagt er til að reglubundinn fundur sveitarstjórnar í apríl 2022 verði haldinn þriðjudaginn 05.04.2022 og hefjist kl. 16:00.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða framlagða tillögu.

6. Fræðslu-,menningar-,íprótta-, æskulýðsnefnd - 46 - 2202003F

Fundargerð 46. fundar Fræðslu-, menningar-, íprótta- og æskulýðsnefndar sem fór fram 01.03.2022.

Fundargerðin er staðfest.

6.1 2202217 - Vettvangsferð í Tálknafjarðarskóla

6.2 2202216 - Heilsustefna Tálknafjarðarskóla

6.3 2201049 - Skólastefna innleiðing

6.4 2108095 - Upplýsingagjöf skólastjóra skólaárið 2021- 2022

7. Staðfesting ráðherra á áhættumati - 2203250

Erindi frá Matvælaráðuneytinu dags. 04.03.2022 þar sem tilkynnt er um staðfestingu ráðherra á áhættumati vegna burðarþolsmats og áhættumats erfðablöndunar á Austfjörðum og Vestfjörðum.

Lagt fram.

8. Strandsvæðisskipulag - 2103057

Upplýsingablað um gerð strandsvæðisskipulags Vestfjarða. Tekið saman af Skipulagsstofnun í tilefni funda með hafnar- og sveitarstjórnnum á Vestfjörðum í mars 2022.

Lagt fram.

9. Almenn eftirlit með fjármálum sveitarfélaga - 2202191

Erindi frá Eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga dags. 21.02.2022 varðandi almennt eftirlit með fjármálum sveitarfélaga.

Lagt fram.

10. Hækkun lífeyrisskuldbindinga 2021 - 2202206

Minnisblað frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga dags. 22.02.2022 varðandi hækkun lífeyrisskuldbindinga 2021.

Lagt fram.

11. Stjórn Lánasjóðs sveitarfélaga - 2202211

Bréf frá Lánasjóði sveitarfélaga dags. 11.02.2022 þar sem auglýst er eftir framboðum í stjórn Lánasjóðs sveitarfélaga.

Lagt fram.

12. Undirbúningur stefnumótunarvinnu á landsþingi Sambands íslenskra sveitarfélaga 2022 - 2203230

Erindi frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga dags. 21.02.2022 varðandi samráðs- og upplýsingafundi með sveitarstjórnarmönnum til undirbúnings á landsþingi sambandsins í september 2022.

Lagt fram.

13. Áskorun frá Sveitarfélaginu Vogar vegna Suðurnesjalínu 2 - 2203234

Erindi frá Sveitarfélaginu Vogum dags. 03.03.2022 þar sem gerð er grein fyrir áskorun bæjarráðs sveitarfélagsins til allra sveitarfélaga á landinu vegna Suðurnesjalínu 2.

Lagt fram.

14. Samtaka um hringrásarhagkerfið - 2203237

Erindi frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga dags. 28.02.2022 þar sem verkefnið "Samtaka um hringrásarhagkerfið" er kynnt.

Lagt fram.

Sveitarstjórn Tálknafjarðarhrepps telur að vinna þurfi svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs fyrir Vestfirði sem heild. Því er þeim tilmælum beint til Fjórðungssambands Vestfirðinga að hafa frumkvæði að því að sú vinna fari af stað sem fyrst.

15. Tillaga til þingsályktunar um endurskoðun á laga- og reglugerðumhverfi sjókvíaeldi, 93. mál - 2202150

Umsögn sveitarstjóra til Atvinnuveganefndar Alþingis dags. 23.02.2022 um tillögu til þingsályktunar um endurskoðun á laga- og reglugerðarumhverfi sjókvíaeldis, 93. mál.

Lagt fram.

16. Frumvarp til laga um tekjustofna sveitarfélaga (gjaldastofn fasteignaskatts), 78. mál - 2203248

Erindi frá nefndasviði Alþingis dags. 07.03.2022 þar sem Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis sendir til umsagnar frumvarp til laga um tekjustofna sveitarfélaga (gjaldastofn fasteignaskatts), 78. mál.

Lagt fram.

17. Tillögu til þingsályktunar um kaup á nýrri Breiðafjarðarferju, 46. mál. - 2202204

Erindi frá nefndasviði Alþingis dags. 24.02.2022 þar sem Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis sendir til umsagnar tillögu til þingsályktunar um kaup á nýrri Breiðafjarðarferju, 46. mál.

Lagt fram.

18. Drög að frumvarpi til laga um breytingu á sveitarstjórnarlögum, nr. 1382011 (íbúakosningar á vegum sveitarfélaga) - 2203252

Erindi frá Innviðaráðuneytinu dags. 07.03.2022 þar sem vakin er athylgi á því að drög að frumvarpi til laga um breytingu á sveitarstjórnarlögum, nr. 1382011 (íbúakosningar á vegum sveitarfélaga) hafi verið birt á Samráðsgátt.

Lagt fram.

19. Erindi til sveitarfélaga vegna móttöku flóttafólks - 2203279

Erindi frá Félagsmálaráðuneytinu dags. 09.03.2022 varðandi móttöku flóttafólks.

Lagt fram.

20. Frumvarp til laga um um breytingu á lögum um stjórn fiskveiða (veiðistjórn sandkola og hryggleysingja), 349. mál - 2202209

Erindi frá nefndasviði Alþingis dags. 24.02.2022 þar sem Atvinnuveganefnd Alþingis sendir til umsagnar frumvarp til laga um um breytingu á lögum um stjórn fiskveiða (veiðistjórn sandkola og hryggleysingja), 349. mál.

Lagt fram.

21. Upplýsingagjöf sveitarstjóra 2022 - 2201021

Lagt fram minnisblað sveitarstjóra um stöðu verkefna.

Lagt fram.

22. Vegna erindis um sameiningu sveitarfélaga - 2112074

Undirritaðir sveitarstjórnarfulltrúar í sveitarstjórn Tálknafjarðarhrepps vilja áréttta að núverandi sveitarstjórn hefur ekki hafnað beiðni um viðræður um sameiningu sveitarfélaga heldur telur rétt að sú sveitarstjórn sem tekur við í maí næstkomandi hafi frjálssar hendur um málefnið. Þeir íbúar sem vilja bjóða sig fram til setu í sveitarstjórn geta þá tekið afstöðu til sameiningar sveitarfélaga og kjósendur geta þá valið eftir þeirri afstöðu án þess að núverandi sveitarstjórn sé búin að binda hendur næstu sveitarstjórnar. Að okkar mati er það verkefni nýrra sveitarstjórna á sunnanverðum Vestfjörðum að taka afstöðu til sameiningar, óbundnar af ákvörðunum sveitarstjórna sem eru við það að missa umboð sitt.

*Bjarnveig Guðbrandsdóttir
Björgvin Smári Haraldsson
Guðni Ólafsson
Lilja Magnúsdóttir*

23. Verkfundir vegna Strandgötu/Tálknafjarðarvegur - 2111263

Fundargerðir verkfunda vegna framkvæmda við Strandgötu/Tálknafjarðarveg nr.1 frá 17.11.2021, nr. 2 frá 01.12.2021, nr. 3 frá 16.12.2021, nr. 4 frá 20.01.2022, nr. 5 frá 03.02.2022 og nr. 6 frá 17.02.2022.

Lagt fram.

24. Fundargerðir Byggðasamlag Vestfjarða um málefni fatlaðs fólks - 2002202

Fundargerðir stjórnar BsVest frá 16.11.2021 og 15.12.2021.

Lagt fram.

25. Fundargerðir 2022 Heilbrigðiseftirlit Vestfjarða - 2202183

Fundargerð 137. fundar Heilbrigðisnefndar Vestfjarðarsvæðis sem fór fram 17.02.2022

ásamt ársreikningum 2021 og uppgjöri ársins 2021 vegna framlaga frá sveitarfélögum.

Lagt fram.

Sveitarstjórn krefst þess að heilbrigðiseftirlit bregðist skjótt og hart við lyktarmengun sem hefur verið frá starfsemi Klofnings á Tálknafirði undanfarin misseri. Það er óþóðlegt fyrir fólk og fyrirtæki í sveitarfélaginu að búa við þá ólykt sem berst frá fyrirtækinu þegar ljóst má vera að hægt er að koma í veg fyrir hana með þrifum.

26. Framtíð minni sveitarfélaga á Íslandi - 2109103

Fundargerð frá fundi um framtíð minni sveitarfélaga á Íslandi sem fór fram 06.10.2021.

Lagt fram.

27. Fundargerðir 2022 Hafnasamband - 2202145

Fundargerðir stjórnar Hafnasambands Íslands frá fundi nr. 441 sem fór fram 21.01.2022 og fundi nr. 442 sem fór fram 18.02.2022 ásamt drögum að ársreikningum sambandsins.

Lagt fram.

28. Fundargerðir 2022 Samband íslenskra sveitarfélaga - 2202142

Fundargerðir stjórnar Sambands íslenskra sveitarélaga nr. 906 frá 04.02.2022 og nr. 907 frá 25.02.2022.

Lagt fram.

Oddviti þakkar fundarmönnum góðan fund og slítur fundi.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 21:00.

Bjarnveig Guðbrandsdóttir (BG)

Guðni Ólafsson (GÓ)

Ingibjörg Ósk Þórhallsdóttir (IÓÞ)

Björgvin Smári Haraldsson (BSH)

Lilja Magnúsdóttir (LM)

Ólafur Þór Ólafsson (ÓÞÓ)